

**Markmið og fjárfestingarstefna**


IS Einkasafn A er sjóðsdeild í fjárfestingarsjóðnum IS Einkasöfn sem fjárfestir í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða og fagfjárfestingasjóða, auk þess að fjárfesta í stökum fjármálagerningum og innlánum í samræmi við fjárfestingastefnu. Fjárfestingar í gegnum sjóði og stakir fjármálagerningar skulu vera í ríkistryggðum verðbréfum. Að auki hefur sjóðsdeildin heimildir til að fjárfesta beint eða í gegnum sjóði í skuldabréfum sveitarfélaga, skuldabréfum og víxlum annarra útgefanda auk innlána.

Nánari upplýsingar um sjóðsdeildina má nálgast í útboðslýsingu IS Einkasafna, lykilupplýsingum sjóðsins á vef Íslandssjóða eða hjá söluaðilum sjóðsins.

**Fjárfestingaheimildir**


<b>Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir</b>	<b>30-90%</b>
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða	0-70%
Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða	0-70%
<b>Aðrar fjárfestingar</b>	<b>10-70%</b>
Skuldabréf og víxlar útgefin af eða með ábyrgð ríkissjóðs	0-60%
Önnur skuldabréf og víxlar	0-30%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-50%
Hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011	0-20%
Afleiður	0-20%

**Eignasamsetning**




**Stærstu eignir**


Verðtryggt ríkisbréf 14.4.2021	23%
IS Sértryggt skuldabréf VTR	16%
Íbúðabréf á gjalddaga 15.02.2024	12%
IS Ríkissafn	11%
Óverðtryggt ríkisbréf 5.2.2020	7%
Laust fé	5%
Íslandsbanki 11.8.2028	5%
IS Sértryggt skuldabréf	5%
IS Lausafjár safn	4%
Óverðtryggt ríkisbréf 26.10.2022	4%
IS Ríkisskuldabréf óverðtryggt	3%



**Ávöxtun og gengisþróun**



Tímabil	Gengisbreyting	Nafnávöxtun á ársgrundvelli
1 mán	0,9%	
3 mán	3,2%	
6 mán	5,0%	
1 ár	8,8%	8,8%
2 ár	14,3%	6,9%
3 ár	21,3%	6,6%
Frá áramótum	4,0%	
Frá stofnun**	28,7%	6,0%



**Almennar upplýsingar**

Stofnár	2015
Stærð [m.kr.]	5.984
Tegund sjóðs	Fjárfestingarsjóður
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.
ISIN	IS0000025468
Auðkenni	EINKA-A FL-B
Sjóðstjóri	Sigurður G. Gíslason
Viðskiptatími	10:00 - 15:00
Uppgjörstími	2 viðskiptadagar (T+2)
Lágmarkskaup	10.000
Lágmarksáskrift	5.000
Árleg umsónarlaun, flokkur B*	0,30%
Kostnaður við kaup, flokkur B*	1,0%
Afgreiðslugjald	Skv. verðskrá söluaðila

\*Flokkur B er fyrir fjárfesta sem eru með samning um eignastýringu eða fjárfestingarráðgjöf við Íslandsbanka. Flokkur A er fyrir aðra fjárfesta. Nánari upplýsingar um flokka A og B má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

LEI númer: 549300YL15TMMXP0J83

**Tölfræði**

Áhættuflokkun	3/7
Meðallíftími skuldabréfaeignar, ár	3,3
Verðtryggingarhlutfall	68%

**Nánari upplýsingar**

Íslandssjóðir hf.  
Hagasmára 3, 201 Kópavogi  
Sími: 440-4920  
[www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is)

**Söluaðili:**  
Íslandsbanki hf.  
[www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)

\*\* Sjóðurinn hefur verið starfræktur síðan 12. febrúar 2015.

## Fyrirvari

Fjárfestingu í fjárfestingasjóðum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Eignarhlutdeild í fjárfestingasjóði getur rýrnað, aukist eða staðið í stað og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga auk gengisflöks gjaldmiðla þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. **Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.** Gengi sjóðsins er háð þróun á innlendum skuldabréfamörkuðum. Fjárfestingar sjóðsins eru að jafnaði vel dreifðar og næst þannig áhættudreifing sem er til þess fallin að draga úr sveiflum í gengi sjóðsins. IS Einkasafn A er sjóðasjóður sem fjárfestir m.a. í öðrum sjóðum sem gefur færi á meiri dreifingu en ef fjárfest væri í sjóði sem fjárfestir eingöngu beint í einstökum skuldabréfum. Samkvæmt lögum mega sjóðasjóðir að hámarki eiga 20% í einstaka sjóðum og jafnframt þurfa þeir sjóðir að dreifa áhættu sinni skv. tilteknum reglum. Þetta þýðir að eigna- og áhættudreifing sjóðasjóðs eins og IS Einkasafns A er mikil. Rétt er að hafa hugfast að fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum fylgir áhætta og að gengi getur lækkað jafnt sem hækkað.

Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta eru mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingakosti sem í boði eru. Ofangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu IS Einkasafns A, sérstaklega umfjöllun um áhættur, á heimasíðu Íslandssjóða hf., [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is).

Umfjöllun þessi er aðeins birt í upplýsingaskyni og skal því ekki lítið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum.

Íslandssjóðir hf., kt. 690694-2719, er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.